



Nefndasvið Alþingis
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12.02.2019
Tilvísun: 201909-0038

Efni: Frumvarp til laga um þjóðarsjóð.

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambandsins um mál 434, frumvarp til laga um Þjóðarsjóð. Málið sem á sér nokkurn aþdraganda myndi leiða til stofnunar Þjóðarsjóðs sem hugsaður er til að styrkja fjárhagslega getu ríkissjóðs til að mæta ófyrirséðum áföllum í þjóðarbúinu. Fjármögnun sjóðsins væri umframardur af nýtingu af orkuauðlindum þjóðarinnar en fyrirséð er að Landsvirkjun komi til með að greiða út háar arðgreiðslur á komandi árum. Stærð sjóðsins gæti verið á bilinu 250-300 milljarðar króna á fimmtán til tuttugu árum og því numið um 10% af landsframleiðslu.

Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðsins útfæri fjárfestingastefnu þar sem miðað er við hámarksávöxtun að teknu tilliti til hóflegar áhættu. Ekki er þó farið í að útskýra nánar hvað felst í hóflegri áhættu. Sjóðnum er ætlað að fjárfesta utan Íslands en einnig á sjóðurinn ekki að fjárfesta í fjármálagjömingum gefnum út af fyrirtækjum og stofnunum sem eru viðriðin starfsemi sem stangast á við góða síði. Ekki frekar útskýrt hvað felst í þeim takmörkunum.

Þó ASÍ geti tekið undir meginmarkmið frumvarpins um mikilvægi þess að tryggja þurfi getu ríkissjóðs til að mæta ófyrirséðum áföllum á efnahagslíf og þjóðarbu þá telur Alþýðusambandið vert að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

- Taka má undir ábendingar um að eðli þjóðarsjóðs sé ekki ólíkt gjaldeyrisvarasjóði. Velta má fyrir sér hvort þörf sé á slíkri yfirbyggingu í kringum sjóðinn eins og lagt er til í frumvarpi. Frekar mætti velja fyrir sér hvort umsýsla og rekstur eigi frekar heima innan t.d. Seðlabanka eða stofnana með viðeigandi sérþekkingu líkt og kemur fram í öðrum umsögnum. ASÍ telur eðlilegt að gætt sé fyllstu varúðar í fjárfestingum með slíkan sjóð og áhættusækni því í lágmarki.
- Skýra þarf betur hvaða siðferðislegu viðmið liggja til grundvallar góðum síðum. Í greinargerð er rætt um vopnaframleiðslu og starfsemi þar sem vinnuafli er misnotað. Í því samhengi mætti jafnvel benda á þau fyrirtæki sem beita sér gegn starfsemi stéttarfélaganna og vinna gegn skipulagningu verkafólks um víða veröld. Opinber innkaup geta t.d. verið vegvísir að siðferðilegum viðskiptaháttum.



- ASÍ telur óeðlilegt að stjórn Þjóðarsjóðs geti lánað verðbréf til fagfjárfesta til skortsölu. Ekki er tekið fram hvort slík lán geti farið til innlendra aðila þó sjóðnum sjálfum sé einungis ætlað að fjárfesta í erlendum eignum.
- Það er stefna ASÍ að innheimta beri gjöld fyrir nýtingu á öllum sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Í stefnu ASÍ í atvinnumálum er m.a. komið inn á að „*gegn leyfum komi endurgjald; í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframarði sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur)*“. Það er skoðun ASÍ að slíkt endurgjald eigi ekki einungis við um nýtingu orkuauðlinda, heldur nýtingu allra sameiginlegra auðlinda hvort sem er í sjávarútvegi, ferðaþjónustu eða öðrum greinum.
- Í umsögnum sínum um ríkisfjármál hefur ASÍ lagt áherslu á mikilvægi þess að dregið sé úr skuldum ríkissjóðs. Í fjármálaáætlun 2019-2023 var gert ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs verði á bilinu 52-65% af VLF á tímabilinu og vaxtagjöld á ári verði yfir 60 milljörðum á ári. Stofnun Þjóðarsjóðs kynni því að vera ótímabær í ljósi þess að markmiðum gæti verið mætt með bættri skuldastöðu ríkissjóðs.
- Jafnframt hefur ASÍ gagnrýnt sögulega lága opinbera fjárfestingu á undanförmum árum. Fyrir vikið er til staðar gríðarleg fjárfestingarþörf í samfélagsinnviðum, m.a. í samgönguinnviðum þar sem til stendur að innheimta milljarða á ári með vegtollum. Af þeim sökum gæti skotið skökku við að binda fjármuni í Þjóðarsjóð þegar þörf fyrir fjárfestingu í innlendum innviðum er gríðarleg og gæti orðið til aukinna skattheimtu á heimili landsins.

Alþýðusambandið leggst gegn því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd og telur stofnun Þjóðarsjóðs ekki forgangsmál á þessum tímamarki.

f.h. Alþýðusambands Íslands
Róbert Farestveit
Hagfræðingur